



Til borgarráðs

Efni: Endurskoðun á reglum um fjárstýringu

Óskað er eftir að borgarráð samþykki uppfærðar reglur um fjárstýringu Reykjavíkurborgar og uppfærða viðauka við viðkomandi reglur. Breytingar frá fyrri reglum eru í eftirfarandi köflum og viðaukum:

1. Reglur um fjárstýringu Reykjavíkurborgar

- a. Í fjórðu málsgrein fyrstu greinar er nú gert ráð fyrir að fjárstýring taki mið af samþykktri fjármálastefnu og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á hverjum tíma auk fimm ára áætlunar um rekstur, efnahag og sjóðstreymi í stað fimm og tíu ára áætlana um rekstur, efnahag og sjóðstreymi.
- b. Í fimmtu málsgrein þriðju greinar er nú vísað í A-hluta en ekki Eignasjóð vegna nákvæmrar og tímasettrar áætlunar um fjárþörf sem sé forsenda virkrar fjárstýringar.

2. Viðauki 1 – Heimildarákvæði

- a. Undir kaflanum *Heimildir til skammtíma lántöku þegar lausafjárstaða er þröng* er gerð sú orðalagsbreyting að heildarfjárhæð skammtímalána skal ekki vera hærri en 16.000 m.kr. á hverjum tíma í staðinn fyrir heildarfjárhæð skammtímalána skal aldrei vera umfram 16.000 m.kr. á hverju 24 mánaða tímabili.
- b. Breyting í kaflanum *Markmið í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 tengd greiðsluhæfi A-hluta*. Markmið ávöxtunar á handbæru fé á árinu 2025 er 580 m.kr. Í greinargerð er farið yfir aðrar áherslur ársins.

3. Viðauki 2 – Fjárfestingarstefna verðbréfasafns

- a. Fjárfestingarstefna verðbréfasafns tekur þeim breytingum að heimild til að fjárfesta í íbúðabréfum er felld niður. Í greinargerð er fjallað um breytt eignarhald á ÍV sjóðum, rekstraraðila verðbréfasafns Reykjavíkurborgar.

4. Viðauki 3 – Áhættumat – Engin breyting.

5. Viðauki 4 – Skýrslugjöf

- a. Gerð er nafnabreyting á skrifstofu fjárstýringar og innheimtu.

6. Viðauki 5 – Ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar – Engin breyting.

7. Viðauki 6 – Heimildarákvæði grænna fjármuna – Engin breyting.

Greinargerð:

Í reglum um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg segir að árlega skuli fara yfir og uppfæra viðauka við reglurnar og leggja fyrir borgarráð til samþykktar.

Í fyrstu grein er í fjórðu málsgrein tekið fram að fjárstýring skuli taka mið af samþykktri fjármálastefnu og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og auk áætlana til fimm og tíu ára varðandi rekstur, efnahag og sjóðstreymi. Í reynd er mestu lagt upp úr áætlunum til fimm ára



en til lengri tíma við sérstakar aðstæður og þörf er talin á. Hafinn er undirbúningur að verkefni sem snýr að því að skoða rekstur, efnahag og sjóðstreymi til enn lengri tíma með hliðsjón af fjármálastefnu og öðrum þáttum.

Í fimmtu málsgrein 3. greinar fjárstýringarreglna var talað um að gera nákvæma og tímasetta áætlun um fjárpörf Eignasjóðs en því er breytt í A-hluta nú. Þó að eignir og stærstu hluti skulda heyri undir Eignasjóð er fjárpörf metin fyrir A-hluta í heild og tekur sjóðstreymisáætlun mið af því.

Í viðauka 1 er að finna heimildarákvæði en undir kaflanum þar sem fjallað er um heimildir til skammtímalántöku þegar lausafjárstaða er þröng er gerð orðalagsbreyting til skýringar og afmörkunar þannig að nú segja reglurnar: „Heildarfjárhæð skammtímalána skal ekki vera hærri en 16.000 m.kr. á hverjum tíma“. Í fyrri útgáfu var orðalagið: „heildarfjárhæð skammtímalána skal aldrei vera umfram 16.000 m.kr. á hverju 24 mánaða tímabili“. Í sömu málsgrein hefur þegar verið tekið fram að heimilt sé að gefa út víxla til allt að 24 mánaða í senn en ekki hefur reynt á þessa heimild.

Varðandi markmið um ávöxtun handbærs fjár er í fjárhagsáætlun gert ráð fyrir að hún verði 580 m.kr. á árinu 2025 sem er lækkun milli ára vegna væntinga um lægri innlánsvexti og ávöxtun á skuldabréfamarkaði. Önnur verkefni snúa að því að nýta stafrænar lausnir til að einfalda verklag, efla tengsl á lánamarkaði og bæta upplýsingagjöf til fjárfesta. Áfram verður til skoðunar hvernig farið verður með uppfærslu á skuldabréfakerfi og stærri skref stigin með meiri upplýsingagjöf með stafrænum mælaborðum.

Úr fjárfestingarstefnu verðbréfasafns er heimild til að fjárfesta í íbúðabréfum felld út. Hlutfall íbúðabréfa í fjárfestingarstefnu var lækkað mikið í fyrra en er nú tekin alveg út. Mikil óvissa er um afdrif ÍLS-sjóðs en fjármálaráðherra kynnti á haustmánuðum 2023 drög að frumvarpi um slit sjóðsins. Íbúðabréf sem voru í eigu Reykjavíkurborgar voru færð í geymslusafn en jafnframt tók borgin þátt í skiptiútboðum þar sem þau voru seld fyrir önnur ríkisbréf. Eign í bréfum útgefnum af ÍLS-sjóði er nú hverfandi. ÍV sjóðir hafa haft umsjón með verðbréfasafni Reykjavíkurborgar undanfarin ár. Síðastliðið haust var tilkynnt um kaupa Skaga á Íslenskum verðbréfum og dótturfélagi þess ÍV sjóðum og er áformað að sameina rekstur SIV eignastýringar og ÍV sjóða undir nafni Íslenskra verðbréfa.

Í viðauka fjögur er gerð nafnabreyting á skrifstofu fjárstýringar og innheimtu sbr. skipulagsbreytingar á fjármála- og áhættustýringarsviði sem tóku gildi 1. janúar 2024.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi uppfærslu á reglum um fjárstýringu og uppfærða viðauka við reglur um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs